



19. mars 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 690. mál á 154. löggjafarþingi

Veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald (rekstrarleyfisskyld gististarfsemi)

Vegna hins mikla skorts á íbúðarhúsnæði sem hefur farið vaxandi á undanförunum misserum hefur verið kallað eftir aðgerðum til að stemma stigu við því að íbúðir séu nýttar til skammtímaleigu sem er gjarnan kennd við "AirBnb" eða sambærilegar vefþjónustur sem höfða einkum til ferðafólks. Ástæða þess er að sérhver íbúð sem er nýtt fyrir slíka starfsemi stærstan eða allan hluta hvers árs stendur ekki til boða fyrir langtímaleigu og nýtist sem slík ekki sem raunverulegt íbúðarhúsnæði heldur má frekar líta svo á að viðkomandi fasteign sé nýtt til starfrækslu gististaðar fyrir ferðafólk.

Þegar menningar- og viðskiptaráðherra boðaði ofangreint frumvarp mátti ráða af þeim yfirlýsingum að með því yrði tekið fyrir skammtímaleigu íbúða í tengslum við starfrækslu gististaða fyrir ferðafólk og þannig ætti að auka framboð íbúðarhúsnæðis. Því miður virðist sem fjallið hafi tekið jóðsótt og fæðst hafi mús, en með ofangreindu frumvarpi er engin tilraun gerð til þess að stöðva nýtingu íbúða til gististarfsemi heldur aðeins að draga úr fjölgun íbúða sem þannig séu nýttar. Frumvarpið er því alls ekki til þess fallið að auka framboð á íbúðarhúsnæði eins og var yfirlýst markmið þess. Þvert á móti eru ýmis ummæli í greinargerð með frumvarpinu til þess fallin að ljá núverandi rekstri gististaða fyrir ferðafólk í húsnæði sem er skilgreint sem íbúðarhúsnæði, einhverskonar meint lögmæti.

Hagsmunasamtök heimilanna telja að starfræksla gististaða í íbúðarhúsnæði samræmist ekki lögum sem gilda um slíkt húsnæði, einkum skipulagslögum og eftir atvikum lögum um fjöleignarhús, enda banni þau almennt atvinnustarfsemi í íbúðarhúsnæði nema í undantekningartilvikum. Breytingar sem hafi verið gerðar á reglugerðum þar að lútandi á undanförunum árum til að leyfa slíka starfsemi eigi sér því ekki haldbæra lagastoð. Tekið skal fram að samtökin leggjast þó ekki gegn því að einstaklingar geti leigt út eigin íbúðir á skammtímaleigu einhvern hluta ársins (t.d. 90 daga). Afstaða samtakanna beinist eingöngu gegn atvinnustarfsemi sem kemur í veg fyrir að íbúðir nýtist til að halda heimili.

Samtökin leggjast ekki gegn frumvarpinu en hvetja til þess að því verði breytt þannig að þegar útgefin rekstrarleyfi til skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis falli úr gildi innan hæfilegra tímamarka.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is